

HEILBRIGÐISNEFND HAFNARFJARÐAR- OG KÓPAVOGSSVÆÐIS

7. fundur– 20. janúar 1999

Fundargerð

Fundur var haldinn í heilbrigðisnefnd Hafnarfjarðar- og Kópavogssvæðis, miðvikudaginn 20. janúar kl. 16:30 á bæjarskrifstofum Garðabæjar, 3. hæð.

Mættir voru undirritaðir nefndarmenn auk Guðmundar H. Einarssonar, framkvæmdastjóra og Sigurborgar Daðadóttur, skrifstofustjóra sem ritaði fundargerð. Framkvæmdastjóri tilkynnti um boðuð forföll Katrínar Gunnarsdóttur.

Eftirfarandi mál voru tekin fyrir samkvæmt dagskrá:

1. Fundargerðir heilbrigðisnefndar

Fundargerðir 3., 4., 5. og 6. fundar voru staðfestar.

2. Fjárhagsáætlun 1999

Framkvæmdastjóri gerði grein fyrir framlagðri fjárhagsáætlun 1999. Eftirfarandi bókun var gerð: Formanni og framkvæmdastjóra falið að ganga frá fjárhagsáætlun í samræmi við umræður á fundinum, þar sem gjöld umfram tekjur verða 14.953 þús.

3. Stjórnskipulag heilbrigðiseftirlits

3.1 Skipurit og starfslýsingar

Drög að skipuritum og starfslýsingum.

Starfsmenn kynntu drög að skipuritum og starfslýsingum. Fram kom að áfram skyldi unnið að gerð stjórnskipulagsins.

3.2 Starfsmannamál

Staða mála hvað varðar ráðningarsamninga. Framkvæmdastjóri gerði grein fyrir málinu. Eftirfarandi bókun var gerð:

Nefndin felur framkvæmdastjóra að ganga til samninga við núverandi starfsfólk og leggur áherslu á að það starfi áfram við heilbrigðiseftirlitið.

4. Gæludýrahald

Lagt fram bréf frá bæjarritara Garðabæjar, dags. 19.11.1998, þar sem óskað er umsagnar heilbrigðisnefndar á tillögu að samþykkt um hunda- og kattahald í Garðabæ. Eftirfarandi bókun var gerð:

Heilbrigðisnefnd óskar eftir að hjálögð drög að samþykkt verði sett í bið. Í samræmi við 25. gr. laga um hollustuhætti og mengunarvarnir mun heilbrigðisnefnd fljótlega semja drög að samþykkt um bann eða takmörkun gæludýrahalds. Í þeirri vinnu verður samræming höfð að leiðarljósi og gerð tillaga um að sama samþykkt geti gilt í öllum sveitarfélögunum sem tilheyra Heilbrigðiseftirliti Hafnarfjarðar- og Kópavogssvæðis.

Erindi frá Heilbrigðiseftirliti Kópavogssvæðis

5. Umsóknir um starfsleyfi heilbrigðiseftirlits

5.1 Nýbýlavegur 10 – söluturn með ís/samlökugerð

Lögð fram umsókn Önnu Maríu Elíasdóttur, f.h. Kópavogsnestis kt 411283-0549, um starfsleyfi til að starfrækja söluturn með ís,samlökugerð og grilli að Nýbýlavegi 10.

Endurnýjun vegna eigendaskipta.

Samþykkt

5.2 Hamraborg 6 - Tónlistarhús

Lögð fram umsókn Vigdísar Esradóttur f.h. Tónlistarhúss Kópavogs, kt. 681298-3129 til að starfrækja tónlistarhús með móttökueldhúsi (Salurinn) að Hamraborg 6.

Ný starfsemi.

Samþykkt

Erindi frá Heilbrigðiseftirliti Hafnarfjarðarsvæðis.

6. Starfsleyfi vegna matvælaeftirlits.

6.1 Kaplahraun 9, - brauðgerð.

Lögð fram umsókn Gunnhildar J. Halldórsdóttur f. h. Brjáns ehf, kt. 450196 2829, dags. 17.des. 1998, um starfsleyfi til að starfrækja brauðgerð að Kaplahrauni 9, Hafnarfirði.

Ný starfsemi á þessum stað.

Samþykkt með skilyrðum um að komið verði á innra eftirliti.

6.2 Dalshraun 13, - brauðgerð.

Lögð fram umsókn Elíasar Guðmundssonar f.h. Karl Viggó ehf, kt. 601198 3129, dags. 30. nóv. 1998, um starfsleyfi til að starfrækja brauðgerð að Dalshrauni 13, Hafnarfirði.

Endurnýjun vegna eigendaskipta.

Samþykkt með skilyrðum um að komið verði á innra eftirliti.

6.3 Melabraut 29, - Matvöruverslun án vinnslu.

Lögð fram umsókn Hertu Þorsteinsdóttur, f. h. Vöruveltunnar hf, kt. 511091 1369, dags. 30. nóv 1998, um starfsleyfi til að starfrækja matvöruverslun án vinnslu að Melabraut 29, Hafnarfirði.

Ný starfsemi.

Samþykkt.

6.4 Reykjavíkurvegur 60, - Veitingahús.

Lögð fram umsókn Einars Halldórssonar f. h. Vaxandi ehf., kt. 511298 2109, dags. 6. jan. 1999, um starfsleyfi til að starfrækja veitingahús að Reykjavíkurvegi 60, Hafnarfirði.

Endurnýjun vegna eigendaskipta.

Frestað.

Lagt fram bréf Hafnarfjarðarbæjar stjórnisýslusviðs frá 4. janúar 1998, þar sem óskað er umsagnar um vínveitingaleyfi fyrir veitingahúsið.

Frestað.

6.5 Álfaskeið 115, - Sölutum og myndbandaleiga.

Lögð fram umsókn Jóhanns Jónssonar, f. h. Söluskálans Álfaskeið, kt. 701297 2299, mótt. 27. nóv. 1998, um starfsleyfi til að starfrækja matvöruverslun og myndbandaleigu að Álfaskeiði 115, Hafnarfirði.

Endurnýjun vegna eigendaskipta.

Samþykkt með skilyrðum um að komið verði á innra eftirliti.

6.6 Dalshraun 15, - Skemmtistaður,

Lögð fram umsókn Guðnýjar Þ. Böðvarsdóttur, kt. 190642 2679, dags 22. des. 1998, um starfsleyfi til að starfrækja skemmtistað að Dalshrauni 15, Hafnarfirði.

Ný starfsemi.

Samþykkt.

Lagt fram að nýju bréf Hafnarfjarðarbæjar, stjórnisýslusviðs, frá 21. sep.1998, þar sem óskað er umsagnar um vínveitingaleyfi fyrir skemmtistaðinn. Eftirfarandi bókun var gerð:

Skemmtistaðurinn að Dalshrauni 13, Hafnarfirði, hefur verið innréttaður og búinn fullnægjandi tækjum til reksturs samkomustaðar þar sem ekki fer fram önnur meðhöndlun matvæla en sala á drykkjum.

6.7 Dalshraun 11, - Kjöttvinnsla.

Lögð fram umsókn Þóris Grétarssonar, kt. 020762 2099, dags. 10. des. 1998, um starfsleyfi til að starfrækja kjötverslun og sérverslun með kjöt að Dalshrauni 11, Hafnarfirði, samk. meðfylgjandi teikningu. Ný starfsemi. Samþykkt með fyrirvara um úttekt heilbrigðisfulltrúa.

6.8 Reykjavíkurvegur 54, - Bensínafgreiðsla, matvöruverslun og veitingasala.

Lagt fram bréf Guðmundar Tryggva Sigurðssonar f. h. Olúfélagsins hf. kt. 500269 4649, ásamt teikningu dags. 14. jan. 1999, að breyttum innréttingum vegna fyrirhugaðra breytinga á rekstri að Reykjavíkurvegi 54, Hafnarfirði. Til stendur að opna Subway veitingastað og lúgusölu með tveimur lúgum. Gert er ráð fyrir 4 borðum með alls 16 sætum auk venjulegrar afgreiðslustöðvar og verslunar. Sótt er um að hafa aðeins eitt salerni fyrir viðskiptavinum. Eftirfarandi bókun var gerð: Ekki eru gerðar athugasemdir við fyrirkomulag samkvæmt framlögðum teikningum.

6.9 Smiðsbúð 9, - Veitingahús.

Lögð fram umsókn Guðmundar Arnfjörð kt. 100472 5119, dags. 16. nóv 1998, um starfsleyfi fyrir veitingahús (pizzuframléiðslu) að Smiðsbúð 9, Garðabæ. Endurnýjun vegna eigendaskipta og breytinga á rekstri. Samþykkt með skilyrðum um að komið verði á innra eftirliti.

7. Starfsleyfi vegna heilbrigðiseftirlits

7.1 Fjarðargata 13-15, - Hársnyrtistofa.

Lögð fram umsókn Róberts S. Magnússonar f. h. Klipparar ehf /Carter, dags. 25. nóv. 1998, um endurnýjun á starfsleyfi fyrir hársnyrtistofu að Fjarðargötu 13-15 Hafnarfirði. Samþykkt.

7.2 Dalshraun 13, - Verslun með varahluti o.þ.h.

Lögð fram umsókn Júlíusar Bjarnasonar f. h. Stillingar ehf. kt. 630269 0169, um starfsleyfi til að starfrækja verslun með varahluti og skyldar vörur að Dalshrauni 13, Hafnarfirði. Ný starfsemi á þessum stað. Samþykkt.

7.3 Hlíðarbraut 1, - Snyrtistofa og varnaleg förðun.

Lögð fram umsókn Margrétar Svavarsdóttur, kt. 260157 5319, dags. 21. des. 1998, um starfsleyfi til að starfrækja snyrtistofu, naglasnyrtistofu og varanlega húðlitun að Hlíðarbraut 1, Hafnarfirðir, samkvæmt meðfylgjandi teikningu. Umsókninni fylgir afrit af byggingaleyfi frá 4. nóv. 1998 og yfirlýsing frá Landlæknisembættinu dags. 18. ágúst 1998. Samþykktar reglur um rekstur húðflúrstofa.

8. Umsagnir.

8.1 Linnetsstígur 1, - Veitingahús.

Lagt fram bréf Sýslumannsins í Hafnarfirði dags. 8. des. 1998, þar sem óskað er umsagnar um umsókn Kristínar Ernu Gísladóttur sem sækir um endurnýjun á veitingaleyfi fyrir Tilveruna að Linnetsstíg 1, Hafnarfirði. Samþykkt að mæla með erindinu.

8.2 Dalshraun 15, - Veitingahús.

Lagt fram bréf stjórnsýslusviðs Hafnarfjarðar dags. 30. nóv 1998, þar sem óskað er umsóknar um umsókn Sigurjóns Sigurðssonar, sem sækir um endurnýjun á vínveitingaleyfi fyrir veitingahúsið Hraunholt ehf að Dalshrauni 15, Hafnarfirði. Samþykkt að mæla með erindinu.

9. Önnur mál

9.1 Breyttur fundartími

Framkvæmdastjóri gerði grein fyrir ósk Katrínar Gunnarsdóttur um breyttan fundartíma heilbrigðisnefndar. Samþykkt að næsti fundur verði mánudaginn 8. febrúar kl. 17:15 og miðað við að fundir verði 2. mánudag hvers mánaðar.

9.2 Mengunarvarnir í sjó

Framkvæmdastjóri gerði grein fyrir að einn heilbrigðisfulltrúi ætti sæti í svæðisráði um bráðamengun í höfnum á svæði sem nær frá Stokkseyri til Stykkishólms sbr. reglugerð nr. 465/1998. Tillaga er um að fulltrúi heilbrigðiseftirlits á svæðinu komi úr Reykjavík og varamaður frá Suðurnesjum. Samþykkt.

Fleira ekki gert og fundi slitið kl. 19:00.

Árni Sverrisson

Sigurgeir Ólafsson

Jón Bjarni Þorsteinsson

Sigrún Ingólfssdóttir

Sigurlaug Sigurðardóttir